



# FUNDARGERÐ

253. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði fimmtudaginn 14. mars 2019 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Björg Björnsdóttir, Skúli Björnsson, varamaður og Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi Jón Steinar Garðarsson Mýrdal.

## Dagskrá:

1. Ísland ljóstengt 2019
2. Undirbúningur aðalfundar
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

## 1. Ísland ljóstengt 2019

Formaður greindi frá fundi hans og framkvæmdastjóra með bæjarráði Fljótsdalshéraðs. Framkvæmdastjóra og Ágústu Björnsdóttur er falið að ganga frá samstarfs-samningi við Fljótsdalshérað um lagningu ljósleiðara í dreifbýli á forsendu þess að sveitarfélagið hefur valið HEF sem samstarfsaðila. Einnig er þeim falið að gera fjárhagsáætlun fyrir verkefnið til 4ra ára, á þeim forsendum sem ræddar voru á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

## 2. Undirbúningur aðalfundar

Farið yfir dagskrá aðalfundar. Framkvæmdastjóra falið að senda út formlegt fundarboð til bjarstjórnar, bæjarstjóra, stjórnar HEF, varastjórnar HEF og starfsmanna HEF.

## 3. Skýrsla framkvæmdastjóra

a) Framkvæmdastjóri greindi frá bilun sem átti sér stað í sundlaug Egilsstaða sem orsakaði meiri notkun á köldu vatni en normalt er. Búið er að gera við bilunina.

b) Í óveðri, sem reið yfir nú í mars, f auk hluti klæðningar af hitaveitutanki HEF við Valgerðarstaði. Bráðabirgðaviðgerð stendur yfir. Stefnt er að varanlegri viðgerð í sumar.

## 4. Önnur mál

1) Lóðamál við nýja lagerhúsnæði HEF.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá lóðamálum við nýja lagerhúsnæði HEF í samræmi við framlögð gögn á fundinum.

2) Gjaldskrá til stórnotenda á heitu vatni.

Framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að nýrri gjaldskrá á heitu vatni til stórnotenda og jafnframt skilgreina hverjir teljast stórnotendur.

Næsti fundur verður aðalfundur sem haldinn verður fimmtudaginn 21. mars á Hótel Héraði kl. 17:00.  
Áður hittist stjórn til fundar kl. 16:00.

Fundargerðin samþykkt og fundi slitið kl. 15:10.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.